

1863.
11. júlím.

Um leið og þetta er yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í hyggju að fá styrktarsjóð sinn aukinn svo með fjárlögunum fyrir næstkomanda fjárhagsár, að styrkurinn til uppgjafapresta og prestaekna verði hækkaður frá 200 rdl. til 500 rdl., og fyrir þessa sök eruð þér beðnir að senda stjórnarráðinu hið allrabráðasta, og ef unnt er með póstskipinu tilbaka, skýrslur þær um tölu uppgjafapresta og prestaekna á Íslandi, og um tekjur þeirra, aldur, þörf, heimilishag m. m., sem þér þegar voruð beðnir um í bréfi hëðan dags. 14. októberm. 1859.

11. júlím. **55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að gefa út rit um „homöopathana“ íslenzku.**

Í bænarskrá, er stjórnarráðið fekk með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, dags 10. febrúarmán. þ. á., hefir Hjaltalín, jústizráð og landlæknir, sótt um, að sèr annaðhvort verði veitt endurgjald fyrir þá 90 rdl., sem hann af eigin efnum hefir varið til að gefa út á prent tvo bæklinga um „homöopathana“ íslenzku, eður að þeir 34 rdl., sem stiptyprentsmiðjan enn á hjá honum fyrir prentun rita þessara, verði honum upp gefnir, og hefir dómsmálastjórnin í þessu skyni veitt beiðandanum 50 ríkisdali.

Þetta er yður hærmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Hjaltalín jústizráði, og skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, af því fè, sem er tilfært í fjárlögunum í 9. grein. VI. C.